

A 1906/UVU

Flytjandi Norræn vinstri græn
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

**Þingmannatillaga
um tollasamstarf****Tillaga**

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að norrænt samstarf á sviði tollamála verði aukið
að mótuð verði sameiginleg stefna til að draga úr smygli með vöruflutningum

Bakgrunnur

Þrátt fyrir að norrænu löndin séu oft ofarlega á blaði yfir þau lönd þar sem lífsgæði og félagslegt jafnrétti er mest er tíðni dauðsfalla sem tengjast neyslu fíkniefna með því hæsta sem gerist í Evrópu. Á Norðurlöndum fjölga fíkniefnatengdum dauðsföllum m.a. í Svíþjóð, Finnlandi og á Íslandi.

Og fíkniefnum fylgir ofbeldi.

Margt ungt fólk fellur í skotárásam í Svíþjóð. Aðgengi að vopnum hefur aukist og í umferð eru vopn sem annaðhvort hefur verið smyglað til landsins eða hafa verið sett saman úr hlutum sem fluttir hafa verið inn. Mörg þeirra vopna sem notuð eru í skotárásam og glæpastarfsemi eru upprunnin á vesturhluta Balkanskagans og er smyglað til Svíþjóðar, meðal annars í gegnum Danmörku.

Auk vinnu lögreglunnar innanlands og í alþjóðlegu samhengi til að stemma stigu við fíkniefnavandanum gegnir tollurinn mikilvægu hlutverki í að koma í veg fyrir flæði fíkniefna og vopna.

Á árinu 2020 lagði tollgæslan í Svíþjóð hald á mikið magn bæði fíkniefna og skotvopna. Til að mynda var hald lagt á fimmfalt meira af kókaíni og þrefalt meira af kannabisefnum en árið 2019. Þá var lagt hald á tvöfalt fleiri skotvopn en árið 2019. Að sögn Tullverket má rekja aukninguna árið 2020 að hluta til fjölgunar starfsfólks og að hluta til þess að minna var um ferðalög í faraldrinum og því gat starfsfólk haft aukið eftirlit með vöruflutningum.



Staðreyndin er sú að fíkniefnum er smyglað til annarra Norðurlanda í gegnum Svíþjóð. Rannsókn sænska glæpavarnaráðsins BRÅ (Brottsförebyggande rådet) leiddi í ljós að ný mynstur í skipulagðri glæpastarfsemi hafa einfaldað sambandið á milli sænskra fíkniefnasala og -innflytjenda og erlendra aðila. Stærri sendingum er smyglað til landsins með vöruflutningum í gegnum lögleg fyrirtæki.

Í Danmörku var stöðug aukning á magni haldlagðra fíkniefna fram til ársins 2019 en nokkuð dró úr því árið 2020. Það á einnig við um Danmörku að fíkniefnum er smyglað til annarra Norðurlanda í gegnum hana. Í Noregi fækkaði haldlagningum en norska tollgæslan hefur orðið vör við aukningu á smygli í gegnum vöruflutninga.

Markmið Norðurlandaráðs er að fækka stjórnsýsluhindrunum og landamæratálmunum en hvað fíkniefnum og vopnum viðvíkur væri norrænt notagildi fólgið í hinu gagnstæða. Frjáls för er mikils virði en þegar kemur að smygli á fíkniefnum og vopnum sem kosta mannlíf bera norrænu löndin ábyrgð sem verður að taka tillit til.

Norðurlöndunum, 16. febrúar 2022

Christian Juhl (Ø)

Daniel Riazat (V)

Freddy André Øvstegård (SV)

Kathy Lie (SV)

Lorena Delgado Varas (V)

Orri Páll Jóhannsson (VG)

Rasmus Nordqvist (SF)

Sofia Geisler (IA)

Tobias Drevland Lund (R)

Veronika Honkasalo (VF)